



Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Sent í samráðsgátt
Reykjavík, 4. desember 2020

Efni: Umsögn Bændasamtaka Íslands um frumvarp til laga um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni, mál nr. 252/2020

Tilv. 202012-0004

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dags. 20. nóvember sl. þar sem óskað var eftir umsögnum um frumvarp til laga um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni, mál nr. 252/2020. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni frumvarpsins og gera eftirfarandi athugasemdir.

Fram kemur í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er því ekki ætlað að takmarka nýtingu óbeinna eignarréttinda á landi í eigu ríkisins, með því sé átt við að það komi hvorki í veg fyrir né takmarki afréttarnot í þjóðlendum. Aðilar geti átt önnur óbein eignarréttindi á landi í eigu ríkisins, eins og m.a. megi leiða af 2. mgr. 5. gr. laga um þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998. Þá segir í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu að ætlunin sé ekki að hreyfa við almannarétti eða lögum um náttúruvernd að öðru leyti. Bændasamtökin telja gott og gilt að settur verði rammi um nýtingu lands í eigu ríkisins sem orðnar eru að fjölsóttum ferðamannastöðum. Samtökin leggja hins vegar þunga áherslu á að framangreint verði virt, þ.e. að afréttarnot og óbein eignarréttindi bænda verði ekki takmörkuð.

Þá telja samtökin að eðlilegt hefði verið að endurskoða almannaréttarkafila náttúruverndarlaga samhliða. Sú endurskoðun fór af stað í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu árið 2018 og áttu samtökin fulltrúa í samráðshóp. Mikilvægt er að þeirri vinnu verði haldið áfram og réttindi landeigenda skýrð að því er varðar aðgang og umgengni ferðamanna og annarra í landi bænda.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrimsdóttir